

## GJALDSKRÁ

### fyrir hundahald í Neskaupstað 1996.

#### 1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Neskaupstað, sbr. c. lið 1. gr. samþykktar nr. 303/1992 um hundahald í Neskaupstað, skal vera kr. 6.700 á árinu 1996.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

#### 2. gr.

Handsömunargjald samkvæmt 5. gr. ofangreindrar samþykktar skal vera kr. 3.000 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6.000 ef til handsömunar kemur aftur.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Neskaupstaðar, staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum til að gilda fyrir árið 1996.

*Umhverfiráðuneytinu, 8. mars. 1996.*

F. h. r.

**Ingimar Sigurðsson.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 19. desember síðastliðinn, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Almenn bílastæði við eystri götukant Fríkirkjuveggar frá Skothúsvegi að Lækjargötu verði gjaldskyld. Notaðir verða alls þrjár miðamælar með tímagjaldi til samræmis við staðsetningu stæðanna, á gjaldsvæði 2, nú 40 krónur á klukkustund. Með þessu stækkar hið skilgreinda gjaldtökusvæði sbr. samþykkt borgarráðs 28. janúar 1992 sem nemur götukaflanum á Fríkirkjuvegi milli Skothúsveggar og Skálholtsstígs.

Ákvörðunin tekur gildi nú þegar.

*Borgarstjórinn í Reykjavík, 8. janúar 1996.*

**Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.**